

Djasshátíðin hefst

Jazzhátíð Reykjavíkur hófst síðastliðinn miðvikudag, með setningu og tónleikum í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þar var boðið upp á sýnishorn af dagskrá hátíðarinnar, Stórsveit Reykjavíkur, Putte Vickman og Cristián Cuturrufo, og um kvöldið voru tónleikar klarínnettleikarans Putte Vickman, þar sem Pétur Östlund sat við trommusettið.

Í gærkvöld var síðan leikið bæði á Sóloni Íslandusi og í Kaffileikhúsinu. Egill Hreinsson píanóleikari hefur verið iðinn við að útsetja íslensk lög í djassbúning, og hefur oft en einu sinni boðið upp á dagskrá af því tagi, a.m.k. í bland við „standardana“. En nú hefur Egill gefið út plötu með útsetningum sínum á íslenskum lögum, og tónleikar hans á Sóloni í gærkvöld voru útgáfutónleikar þeirrar plötu. Með honum léku Óskar Guðjónsson á saxófóna, Tómas R. Einarsson á kontrabassa og Matthías M.D. Hemstock á trommur, en þeir hinir sömu eru meðleikarar Egils á plötunni, sem nefnist „Og steinar tali...“.

Djass

Ársæll Músson

Útsetningar Egils fólust aðallega í endurhljómssetningu laganna, gert á tiltölulega láttlausan hátt. Nú til dags eru útsetningar íslenskra laga mun nærtækara verkefni en áður, því djassleikarar eru löngu hættir að einskorða sig við sveifluna heldur leika sér með hvaða stíl og hryntegund sem vera skal. Tónleikagestir fengu t.d. að heyra bossanova „Hvert örstutt spor“ og rokkarann „Máninn hátt á himni skín“.

Menn geta haft sínar skoðanir á því hvaða stíltegund henti hverju lagi, en flutningur Egils og félaga var ágætur, og búningur laganna aldrei ósmekklegur. Óskar var í forgrunni og var oft eins og svífandi í lausu lofti ofan á píanótríóinu og lagði lítið upp úr



Cristián Cuturrufo – það var unun að hlusta á hann.

því að lenda á slaginu, og lyfti þessi leikur hans flutningnum mikið. „Vísir Vatnsenda-Rósu“ fundust mér einna best heppnaðar, kannski vegna þess að mér fannst íslenskt bragð að útsetningunni, eða kannski bara vegna þess að lagið er svo seiðmagnað að það verkar alltaf sterkt á mig. En hér er væntanlega kominn plata sem hægt er að mæla með fyrir erlenda djassáhugamenn sem vilja eiga þekkt íslensk lög, en önnur slík hefur ekki verið gefin út frá því að Guð-

mundur Ingólfsson gaf út „Þjóðlegan fróðleik“.

Í Kaffileikhúsinu í gærkvöld lék svo kornungur trompetisti frá Chile, fæddur 1972, Cristián Cuturrufo. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hann verið að hasla sér völl í sínu heimalandi og víðar undanfarin ár, og er m.a. búinn að koma á fót djasshátíð í heimabæ sínum, Coquimbo, og leika inn á plötu með sinfóníuhljómsveit Santiagoborgar. En í gærkvöld voru það þeir Agnar Már Magnússon píanisti, Þórður Högnason kontrabassaleikari og Matthías Hemstock trommuleikari sem léku með Cristiáni. Hann hefur töluvert sérstakan stíl, leikur mikið hraðar staccatostrófur og hefur mattan og loftmikinn tón, og gerir ekki mikið af því að leika sterkt. Lausnarorð kvöldsins var bebop, þótt annað flyti með í efnisskránni.

Það var unun að heyra hvað þessi ungi strákur gat rennt sér áreynslulaust í hvaða tempói sem var, og einnig var ánægjulegt að heyra hvað Agnar Már er orðinn góður píanisti. Margir áheyrendur frá Chile létu gleði sína í ljós yfir að heyra í landa sínum, og átti það sinn þátt í því skemmtilega andrúmslofti sem skapaðist á þessum tónleikum. Í lokin kom svo Óskar Guðjónsson og blés með þeim tvö lög, „Straight, No Chaser“ eftir Monk var blásið í unis á leifturhraða í lokin.

Í dag verður djass um allan bæ, djassleikarar verða á ferð hér og þar í miðbænum og skemmta gestum og gangandi, og í kvöld eru tónleikar í Kaffileikhúsinu, Astro, Sóloni, Kringlukránni og Fögetanum. Á laugardegnum syngja Tena Palmer og Egill Ólafsson með Tríói Björns Thor á Borginni, og Stórsveit Reykjavíkur ásamt Daniel Nolgárd verða á Sögu um kvöldið. Á sunnudegnum býður Sólon upp á Óla Stef og pönnukökur, og sjálfur Ray Brown rekur endatóninn á djasshátíðina með tónleikum í íslensku óperunni á sunnudagskvöldið.

Kammermúsík



Fyrstu tónleikar Kammermúsíkkúbbs Reykjavíkur eru á sunnudaginn í Bústaðakirkju og hefjast kl. 20.30. Á dagskrá eru Strengjakvartett í D-dúr op. 76,5 eftir Joseph Haydn, Kvintett í D-dúr K. 593 eftir Mozart og Strengjakvartett í F-dúr op. 96 eftir Antonín Dvořák.

Flytjendur á tónleikunum eru Sigrún og Sigurlaug Eðvaldsdóttir á fíðlur, Helga Þórarinsdóttir og Guðmundur Kristmundsson á lágfíðlu og Richard Talkowsky á knéfiðlu.

Tónleikar Kammermúsíkkúbbsins njóta mikilla vinsælda og er fólki bent á að koma snemma til að fá sæti.

Orðin tóm

Hafþór Ragnarsson gaf nýlega út fyrstu ljóðabók sína, Orðin tóm. Hann hefur birt ljóð í blöðum og tímaritum og fengið verðlaun í ljóðasamkeppni Mímis, málagns stúdenta í íslensku (reynðar bæði fyrstu og önnur verðlaun), og Stúdentablaðsins.

Hafþór stundar nám í íslenskum bókmenntum við háskólann og má greina merki þess á ljóðunum. Hann gerir lauslætt gys að heilögum kúm eins og Snorra Sturlusyni og vísar víða í íslenskar bókmenntir frá öllum öldum. Helsta einkenni ljóðanna er þó hvað þau eru stutt og hnyttin. Gott dæmi þess er upphafsljóð bókunnar, „Orð í auga“:

*Einmitt núna
er hugsun mín
í höfði þínu.*

Orðin tóm fást í völdum bókaverslunum, Bók sölu stúdenta, Eymundsson og Máli og menningu.

Þú fagra vor

Á hljómdisknum Þú fagra vor eru 20 lög eftir Árna Gunnlaugsson. Þar koma fram ásamt honum einsöngvararnir Elín Ósk Óskarsdóttir, Alda Ingibergsdóttir, Kjartan Ólafsson, Kristín Sædal Sigtryggisdóttir, Jóhanna Linnét, Guðmundur Þór Gíslason, Árni Gunnlaugsson, Kamma Karlsson og Atli Guðlaugsson, einnig kór Bústaðakirkju, Lúðrasveit Akureyrar og ýmsir hljóðfæraleikarar, m.a. Hrönn Geirlaugsdóttir, Guðni Þ. Guðmundsson og Carl Möller.

Í bæklingi með disknum segir Jónatan Garðarsson að þar kenni ýmissa grasa, „allt frá einsöngslögum, sálmasöngum, kórlögum og lúðrasveitarmúsík yfir í sveiflandi léttveitarfónlist“.

Árni gefur hljómdiskinn út sjálfur og tileinkar hann aldarminningu móður sinnar, Snjólaugar G. Árnadóttur.

Sverrir syngur í kvikmynd

Á sunnudaginn verður írska stuttmyndin Stranded frumsýnd í Screen West kvikmyndahúsinu í London en áður hefur hún verið sýnd við góðar undirtektir í New York. Í aðalhlutverkum eru Paul Hickey (úr Saving Private Ryan) og Michael McElhatton (sem einnig leikur í írsku myndinni I Went Down). Þetta er fyrsta kvikmynd Íans FitzGibbons og hann byggir hana á leikriti bróður síns, Brians FitzGibbons, The Papar.

Leikritið var sett upp í Abbey-leikhúsinu í Dublin í sumar sem leið. Eins og nafnið bendir til fjallar það um írska munkana sem búa við hörð kjör á vogskornum ströndum Íslands á 9. öld og lýsir samskiptum þeirra af kímni og innsæi. Brian býr á Íslandi og fékk Sverri Guðjónsson kontratenór til að syngja í myndinni en tónlistin er eftir Bandaríkjamanninn Art Labriola. Þykir þessi írsk-bandarísk-íslenska afurð hafa heppnast afar vel.

Myndin er 25 mínútur á lengd og þá er bara að bíða eftir því að hún verði sýnd hér, í bíói eða sjónvarpi.

Tryggvi framlengdur



Málverkasýning Tryggva Ólafssonar hefur staðið í Hallgrímskirkju í sumar og verið geysilega vel sótt, enda kirkjan einn vinsælasti viðkomustaður ferðamanna í borginni. Sýningunni átti að vera lokið en ákveðið hefur verið að framlengja hana út þennan mánuð.

Umsjón

Silja Aðalsteinsdóttir


Gítarleikur

Hingað er kominn sænski gítarleikarinn Göran Söllscher sem er talinn í hópi fremstu gítarleikara heims um þessar mundir. Hann heldur tónleika í Seltjarnarneskirkju á morgun, laugardag, kl. 17 og verður með námskeið á sunnudag og mánudag í Tónskóla Sigursveins við Engjateig.

Göran fæddist 1955. Hann hóf gítarnám níu ára og lauk námi frá tónlistarháskólum Malmö og Kaupmannahafnar 1977 og '79. 1978 vann hann fyrstu verðlaun í „Concours international de la guitarré“, alþjóðlegri keppni í klassískum gítarleik í París. Eftir fylgdi alþjóðlegur listferill og útgáfusamningur við Deutsche Grammophone. Hann hefur

leikið inn á fjölda hljómplatna og geisladiska sem hafa selst vel; meðal annars hljóðritaði hann verk eftir Paganini árið 1993 ásamt fiðluleikaranum Gil Shaham og sú plata komst á lista yfir tíu söluhæstu klassískar plötur í Bandaríkjunum. Einn mest seldi hljómdiskur hans heitir Here, There and Everywhere. Þar leikur hann lög eftir Bítlanu, útsett fyrir einleiksgítar. Hann vinnur reglulega með fjölda listamanna, m.a. flautuleikaranum Manuelu Wiesler.

Göran Söllscher heldur um fimm tugi tónleika um allan heim á ári hverju. Hann hefur einu sinni komið til Íslands áður, á Listahátíð í Reykjavík árið 1980.



Hjörleifur Sigurðsson: Málverk 1955–6

ólíum sjónarhornum. Höfundar eru dr. Ólafur Kvaran, forstöðumaður Listasafns Íslands,

Júlíana Gottskálksdóttir, Pétur Arnarson, Gunnar J. Arnarson og Ólafur Gíslason.

Hreint form

„Þetta er svona grænt afstrakt.“ sagði kona nokkur ónafngreind um mynd sem henni hafði áskotnast. En það var fyrir mörgum árum. Í kvöld verður opnuð sýning í Listasafni Íslands undir því ljóðræna heiti „Draumurinn um hreint form“ og er yfirlitssýning um íslenskt strangflatar-málverk og geometrísku höggmyndalist á árunum 1950–60. Til fróðlegs samanburðar verða einnig á sýningunni verk þriggja erlendra listamanna, danskra og franskra, sem höfðu áhrif á íslenska myndlist á þessum tíma. Þeirra Richards Mortensen, Auguste Herbin og Victor Vasarely.

Á sýningunni verða 64 verk eftir 19 íslenska myndlistarmenn: Ásgerði Búadóttir, Ásmund Sveinsson, Benedikt Gunnarsson, Braga Ásgeirsson,

Eirík Smith, Gerði Helgadóttir, Guðmundur Andrédóttir, Guðmund Benediktsson, Gunnar S. Magnússon, Hafstein Austmann, Hjörleif Sigurðsson, Hörð Ágústsson, Jóhannes Jóhannesson, Karl Kvaran, Nínu Tryggvadóttir, Svavar Guðnason, Sverri Haraldsson, Valtý Pétursson og Þorvald Skúlason.

Sýningin verður í þremur sölum hússins en í þeim fjórða verður húsagerðarlist á þessum tíma kynnt með ljósmyndum og komið inn á hönnun tímabilsins. Blandaðgreinar og gagnrýni frá þessum árum munu liggja frammi, tímarit og fleira, þannig að sýningin í heild verður úttekt á listumhverfi og umræðu 6. áratugarins á Íslandi.

Í tilefni sýningarinnar verður gefin út vönduð bók með greinum sem varpa ljósi á þetta tímabil í listasögu okkar frá